

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1174/2012 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

#### *Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í XI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins frá 13. júní 2012, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 67, dags. 29. nóvember 2012, á bls. 487, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2012 frá 28. september 2012.
2. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2021, frá 25. nóvember 2015, að því er varðar breytingu á reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, dags. 12. maí 2016, á bls. 1459, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 frá 29. apríl 2016.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2352, frá 16. desember 2015, um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27, dags. 12. maí 2016, á bls. 991, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 frá 29. apríl 2016.

#### 2. gr.

#### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum og öðlast þegar gildi en skal vera komin til framkvæmda eigi síðar en 1. ágúst 2016.

*Innanríkisráðuneytinu, 9. júní 2016.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

*Vera Sveinbjörnsdóttir.*